

LÖG

um breyting á lögum um brunavarnir og brunamál,
nr. 41/1992.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþings og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Lögreglan rannsakar eldsvoða samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála og kveður til sérfróða menn eftir því sem hún telur þörf á. Hún tilkynnir Brunamálastofnun ríkisins og Rafmagnseftirliti ríkisins um eldsvoðann og rannsókn sína.

Að lokinni rannsókn sendir lögreglan afrit af rannsóknargögnum til Brunamálastofnunar, hlutaðeigandi slökkviliðsstjóra og váttryggingafélags nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum.

2. gr.

Á eftir 22. gr. laganna kemur ný grein, 22. gr. a, sem orðast svo:

Þegar um mikið brunatjón er að ræða skal Brunamálastofnun ríkisins, óháð lögreglu-rannsókn, rannsaka útbreiðslu eldsins, hvernig brunavarnir byggingarinnar hafi staðist hann og hvernig að slökkviliðsstarfi hafi verið staðið. Kanna ber síðustu úttektir eldvarnaeftirlits fyrir brunann, hvaða athugasemdir hafi þar verið fram settar og hvernig eftir þeim hafi verið farið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1994.

Davíð Oddsson.

Valgerður Sverrisdóttir.
(L. S.)

Hrafn Bragason.

Jóhanna Sigurðardóttir.